

**Umhverfis- og samgöngunefnd**

Nefndasvið Alþingis

Alþingishúsið við Austurvöll

101 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. nóvember 2023

E-2023-293/00.11

**Umsögn um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun**

Landsvirkjun vísar til umsagnarbeiðni sem barst í tölvupósti þann 16.11.2023 frá umhverfis- og samgöngunefnd. Um er að ræða frumvarp sem miðar að sameiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúruvannsóknarstöðvarinnar við Mývatn í eina stofnun. Sameining þessi er hluti af áformum um endurskipulagningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis þar sem lagt er til að átta stofnanir renni saman í þrjár.

Sameining þessara átta stofnana, sem gegna lykilhlutverki í átt að loftslagsmarkmiðum Íslands, er fagnaðarefni og til þess gert að auka skilvirkni og gegnsæi og bæta upplýsingaflæði almennt. Landsvirkjun styður áform um fyrirhugaða Náttúrufræðistofnun og telur að fjölmennari stofnun muni enn fremur skapa tækifæri til að styrkja umsýslu og byggja upp frekari þekkingu, ásamt bættu samspili málefna innan nýrrar stofnunar.

Landsvirkjun fagnar því að frumvarpið skýri lagaumgjörð og regluverk í kringum starfsemi fyrirhugaðrar Náttúrufræðistofnunar en mikilvægt er að ekki leiki vafi á ábyrgð og hlutverki hennar og innan hvaða ramma stofnunin starfar.

Virðingarfyllst,

**Kristín Linda Árnadóttir**

Aðstoðarforstjóri

**Þórólfur Nielsen**

Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni